

Alþingi
Erindi nr. P 143/213
komudagur 14.11.2013



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. nóvember 2013

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr 88/1971, með síðari breytingum, og lögum um almennan frídag 1. maí, nr. 39/1966 (færsla frídaga að helgum), þskj. 19 – 19. mál.

BSRB hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum vegna færslu frídaga að helgum.

Bandalagið hefur áður sent inn umsagnir vegna þingmála sama efnis, síðast 7. desember 2012. Bandalagið gerir ekki sérstakar athugasemdir við efni frumvarpsins að öðru leyti en því að BSRB leggst alfarið gegn þeim tillögum um að baráttudagur verkalýðsins verði færður til. BSRB leggur mikla áherslu á að áfram verði lögskipaður frídagur þann 1. maí. Ástæða þess er að dagurinn er ekki eingöngu lögskipaður frídagur hér á landi, hann er alþjóðlegur baráttudagur verkalýðsins og upphaf hans má rekja allt aftur til níunda áratugar 19. aldar. Því eru kröfugöngur og útifundir haldnir í fjölda annarra landa þann 1. maí, rétt eins og hér á landi. Dagurinn hefur bæði sögulega og táknræna þýðingu fyrir verkalýðshreyfinguna og eru því að mati bandalagsins ríkar ástæður sem mæla gegn færslu hans.

Fyrir hönd BSRB

Helga Jónsdóttir
Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri